



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# Samráð Póst- og fjarskiptastofnunar um úthlutun tíðna fyrir hljóðvarp - FM og DAB.

---

Hér með er óskað viðbragða allra hlutaðeigandi aðila við því samráðsskjali sem hér birtist um úthlutun á FM tíðnum fyrir hljóðvarpsútsendingar á höfuðborgarsvæðinu og könnun á áhuga á tíðnum til DAB hljóðvarpsútsendinga.

Óskað er eftir að aðilar sem hafa áhuga á úthlutun tíðna til ofangreindra nota sendi inn viljayfirlýsingar þess efnis ásamt greinargerðum.

Stofnunin hyggst seinna á þessu ári ennfremur efna til samráðs um fleiri atriði er varða hljóðvarp og dreifingu þess. Verður þar m.a. rætt um aðstöðu fyrir FM-senda á höfuðborgarsvæðinu, stefnumótun vegna DAB (e. Digital Audio Broadcasting), notkun Internetsins sem dreifingarmiðils, valkosti um tæknilegar ráðstafanir til að fjölga FM-hljóðvarpsrásum á ljósvakanum á höfuðborgarsvæðinu og önnur sjónarmið sem kunna að koma til skoðunar þegar tekin er ákvörðun um úthlutun á tíðni fyrir hljóðvarp.

Senda skal athugasemdir og svör við spurningum stofnunarinnar sem og, eftir atvikum, viljayfirlýsingar og greinargerðir aðila, fyrir lok dags 15. maí 2017, til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími: 510 1500  
Þorleifur Jónasson  
[pfs@pfs.is](mailto:pfs@pfs.is)

## Samráð um FM tíðnir og DAB

Að undanförunu hefur nokkur umræða skapast varðandi þörf rekstraraðila hljóðvarps á höfuðborgarsvæðinu á aðgengi að tíðnum til þess að bæta hlustunarskilyrði á ákveðnum svæðum. PFS hafa borist fyrirspurnir og beiðnir um aukatíðnir á FM tíðnisviðinu í þeim tilgangi að bæta dreifingu útsendinga á tilteknum svæðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem útsendingarskilyrði hafa ekki verið nógu góð að mati viðkomandi hljóðvarpsstöðva. Nýjasta dæmið er umsókn Útvarps Sögu um aukatíðni, sem hafnað var á síðasta ári (Sjá fréttatilkyningu PFS 27.10.2016: <https://www.pfs.is/um-pfs/frettir/frett/2016/10/27/PFS-synjar-umsokn-um-aukatidni-fyrir-Utvarp-Sogu-a-hofudborgarsvaedinu>). PFS hefur framfylgt þeirri vinnureglu um árabíl að úthluta aðeins einni FM tíðni fyrir hverja hljóðvarpsdagskrá á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan fyrir þessari vinnureglu er sú að margar hljóðvarpsstöðvar eru starfræktar á svæðinu og það hefur ekki verið talin skilvirk og hagkvæm nýting á tíðnisviðinu að gefa kost á tveimur tíðnum fyrir sömu dagskrána, enda myndu lausar tíðnir ekki duga ef allir hljóðvarpsrekendur á svæðinu óskuðu eftir aukatíðni.

Markmið með þessu samráði er m.a. að kanna hversu mikil eftirspurn er eftir FM-tíðnum á höfuðborgarsvæðinu, í þeim tilgangi að kanna hvort hægt sé að koma að einhverju leyti á mótis við óskir um aukatíðnir til þess að bæta dreifingu.

Staðan varðandi aðgengi að FM-tíðnum á höfuðborgarsvæðinu er þannig í dag að hægt væri að koma að u.þ.b. 10 FM-sendum til viðbótar. Þörf er á að halda allt að 4 tíðnum lausum vegna skammtímahljóðvarps (skólar, félagsmiðstöðvar, félagasamtök, viðburðir). Rétt er að setja fyrirvara um áðurnefndan fjölda, allt að 10 FM-senda. Staðsetning senda skiptir hér miklu máli. Verulega þrengir að varðandi heppilega staðsetningu FM-senda á höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning sendanna ræður því dreifisvæði sem þeir ná til. Því er rétt að hafa það í huga að þrátt fyrir að hugsanlega megi koma upp 10 sendum til viðbótar þýðir það ekki endilega að hægt sé að dreifa 10 mismunandi FM-dagskrám til viðbótar á höfuðborgarsvæðinu. Sú tala væri líkast til mun lægri og færi hún m.a. eftir samspili staðsetningar senda og hvað er fyrir á viðkomandi sendastað af öðrum radióbúnaði.

Í gegnum tíðina hafa Vatnsendi og Rjúpnahæð verið þeir staðir sem komið hafa best út hvað varðar víðtæka dreifingu FM-merkisins, enda hægt að leyfa mun stærri senda þar en annarsstaðar á svæðinu vegna fjarlægðar frá byggð. Síðustu árin hefur Úlfarsfell komið inn sem möguleiki en sá staður hefur verið starfræktur á bráðabirgðaheimild alla tíð og er svo enn. Í dag er Rjúpnahæðin ekki lengur nýtt sem sendastaður vegna útþenslu byggðar og þrengir sífellt meira að Vatnsenda vegna íbúðabyggðar. Óvíst er með framtíð Úlfarsfells í þessu sambandi. Sama hver staðsetning sendis er þá eru alltaf einhverjir blettir sem koma verr út en aðrir. PFS telur mikilvægt að fram fari opinber umræða um framtíð heppilegra sendastaða fyrir stóra radiósenda á höfuðborgarsvæðinu, enda er hér um hagsmunamál alls almennings að ræða, auk þess sem hafa verður í huga sjónarmið um almannaoýruggi. Mun opið samráð um það mál verða haldið seinna á árinu.

DAB-hljóðvarp er orðið nokkuð vinsælt í nágrennalöndum okkar. Í Noregi er t.d. búið að ákveða að DAB taki alfarið við af FM innan nokkurra ára. Það virðist stefna í sömu átt hjá mörgum Evrópuþjóðum, þ.e. að horft er til DAB sem framtíðarlausnar. Fyrir um 20 árum var tekið frá hér á landi, tíðnisvið á 230 MHz fyrir DAB. Í dag er enn meira tíðnisvið laust fyrir DAB-útsendingar þar sem VHF-sjónvarpsútsendingum hefur verið hætt. Lítil sem enginn áhugi hefur verið hér á landi á því að setja upp DAB-senda fyrir utan að RÚV setti upp sendi

til prófana árið 2001. Skv. grófri skoðun á markaðnum í dag er alltaf að aukast að nýir bílar séu búnir DAB-viðtækjum og DAB er einnig að verða algengara í hljómtækjum og stökum viðtækjum.

Spurningum hér að neðan er beint til þeirra aðila sem starfrækja hljóðvarp í dag og þeirra sem hafa hug á að setja í gang nýjar hljóðvarpsstöðvar á næstunni

## Samráðsspurningar

**Spurning 1: Ef boðið yrði upp á viðbótartíðni fyrir sömu dagskrá á höfuðborgarsvæðinu til að dekka svæði sem koma illa út í dag, hvaða hljóðvarpsstöðvar myndu þá óska eftir viðbótartíðni og þá á hvaða svæði, með hvaða staðsetningu sendis og hvaða sendiafli?**

**Spurning 2. Hafa aðilar hug á að setja í gang nýjar dagskrár á höfuðborgarsvæðinu á næstunni og með hvaða sendistað í huga?**

**Spurning 3: Er áhugi hjá hljóðvarpsstöðvum á að setja upp DAB-hljóðvarpssenda eða að kaupa aðgang að slíkum útsendingum fyrir sína dagskrá ef það stæði til boða.**

## Úrvinnsla samráðs

PFS mun skoða þau sjónarmið sem fram koma í samráði þessu og leggja mat á eftirspurn eftir FM-tíðnum og hvernig ráðstöfun þeirra tryggir best hagkvæma og skilvirka notkun og stuðlar að virkri samkeppni. Eftir atvikum getur niðurstaða PFS t.d. verið að halda sig við fyrri vinnureglu um úthlutun FM-tíðna, breyta vinnureglum og úthluta tilteknum hluta FM-tíðna til þeirra sem eftir því sækjast óháð því hvort viðkomandi dagskrá er þegar með FM-tíðniheimild, halda útboð á tíðnum eða gera tillögu til ráðherra um uppboð á tíðnum. Í þessu sambandi vísast til IV. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og reglugerðar 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum.

PFS mun einnig taka til skoðunar með hvaða hætti sé rétt að standa að úthlutun á tíðnum fyrir DAB-hljóðvarp ef áhugi reynist vera fyrir hendi og kemur þá bæði til greina að gefa út skammtímaheimildir til tilraunaútsendinga eða langtímaheimildir.

## Skilafrestur og birting upplýsinga

Frestur til að skila athugasemdum og svara spurningum stofnunarinnar er til 15. maí nk. og skulu svör berast Póst- og fjarskiptastofnun, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, fyrir lok þess dags. Þá er hægt að senda athugasemdir rafrænt á tölvupóstfangið [pfs@pfs.is](mailto:pfs@pfs.is).

Póst- og fjarskiptastofnun bendir á að umsagnir og svör aðila kunna að vera birt opinberlega að hluta eða í heild sinni. Aðilar geta óskað eftir að tilteknar upplýsingar njóti trúnaðar og skal slík ósk rökstudd með vísan til ákvæða upplýsingalaga nr. 140/2012.

Greinargerðir með viljayfirlýsingum aðila sem óska úthlutunar á FM-tíðnisviðinu verða háðar trúnaði, enda komi þar fram upplýsingar um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni aðilans, sbr. 7. gr. upplýsingalaga. Sjálf viljayfirlýsing aðila um úthlutun fellur þó ekki hér undir.